

Mál nr. 97/2011

M
og
váttryggingafélagið X v/ forfallatryggingar.

Kona komst ekki í orlofsferð vegna veikinda.

Gögn.

50. Málskot, móttækið 7.3..2011, ásamt fylgigögnum.

51. Bréf X, dags 14.3.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 22. nóvember 2010 keypti M fyrir sig og eiginkonu sína, K, orlofsferð til Kanaríeyja. Brottför frá Íslandi var fyrirhuguð 5. janúar 2011. Ferðina greiddi M með greiðslukorti. Í kortinu er innifalin forfallatrygging hjá váttryggingafélaginu X. K komst ekki í ferðina vegna berklasjúkdóms. M hefur krafist bóta úr forfallatryggingunni hjá X.

Álit.

Samkvæmt gr. 6.1 í skilmálum forfallatryggingarinnar bætir félagið ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að nánar tiltekinni fjárhæð, vegna ferðar sem váttryggður kemst ekki í ef ástæðan er m.a. veikindi hins váttryggða og alvarleg veikindi náins ættingja, enda séu veikindin vottuð af starfandi lækni. Í gr. 6.2 eru tilgreindar takmarkanir á bótaskyldunni. Samkvæmt gr. 6.2.1 bætir félagið ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem váttryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

Í læknisvottorði sérfræðings í lungnalækningum, sem hafði K til meðferðar, kemur fram að veikindanna hafi fyrst orðið vart 15. október 2010. K hafi byrjað sex mánaða meðferð gegn berklaveiki 28. október 2010 með fjórum lyfjum, en seinna hafi komið í ljós að um lyfjaónæmi fyrir einu þeirra hafi verið að ræða og þurft hafi að lengja meðferðartímann upp í níu mánuði. Hafi M orðið óferðafær vegna hinna ónæmu berklastofna sem nauðsynlegt hafi verið að meðhöndla lengur og smithætta hafi jafnframt verið meiri.

Þegar orlofsferðin var greidd þann 22. nóvember 2010 hafði K greinst með berkla og var þá í lækni meðferð vegna þeirra. Með vísan til fyrrgreinds ákvæðis í gr. 6.2.1 í váttryggingarskilmálunum bætist tjónið ekki.

Niðurstaða.

Tjónið bætist ekki.

Reykjavík, 14. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.